

MÁNUDAGSBLAÐIÐ

— Blað fyrir alla —

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Agnar Bogason.

Blaðið kemur út á mánudögum. — Verð 2 kr. í lausasölu.

Afgreiðsla: Tjarnarg. 39. — Sími ritstj. 3496.

Prentsmiðja Þjóðviljans hf.

Íslensk listið

Fimmtudaginn 14. þ.m. hélt félagið „Íslensk listið“ aðalfund sinn í Sjálfstæðishúsinu. Form. félagsins, Lúdvíg Guðmundsson skólastjóri, flutti skýrslu um nokkrar helstu framkvæmdir félagsins á liðnu starfsári. Ritari félagsins Björn Th. Björnsson listfræðingur, sem var fulltrúi félagsins á sýningu og alþjóðlegu þingi um listiðnaðarmál í Helsingborg í fyrra, skýrði frá störfum þingsins.

München-sýningin

Í samvinnu við vörusýningarnefnd ríkisins tók félagið „Íslensk listið“ þátt í alþjóðlegri listiðnaðarsýningu í München í vor. Hlaut ísl. sýningin hina bestu dóma almenninga og kunnáttumanna. Einn ar íslensku sýningundunum, frú Ásgerður Ester Búadóttir, hlaut heiðurskjal og gullverðlaun frá ríkisstjórninni í Bayern fyrir myndofió veggklæði. Skömmu eftir að sýningunni í München lauk, barst félaginu boð um að taka þátt í sýningu á nýtzku silfur- og gullsmíði, sem haldin verður í Augsburg í Þýskalandi síðar í sumar. Mjög er vandað til þessarar sýningar í Augsburg, en borgin er frá fornu fari víðfræg fyrir listrænt silfur- og gullsmíði. Aðeins 14 löndum, utan Þýskalands, er boðið að taka þátt í sýningu þessari.

Sýning í Reykjavík? — París?

Að undangengnu hefur félagið „Íslensk listið“ staðið í samningum við danska listiðnaðarfélagið um að haldin verði dönsk listiðnaðarsýning í Reykjavík næstkomandi haust eða vetur. Eru nú miklar líkur á, að úr þessu fæti orðið.

Í árslok 1957 verður haldin mikil norræn listiðnaðarsýning í París. — Menntamálaráðuneytið franska, sem stendur að sýningunni, hefur boðið menntamálaráðuneyti Íslands að hafa forgangi um þátttöku af Íslands hálfu.

Stjórnin

Á aðalfundinum var stjórn kosin og hlutu þessir kosningu: formaður Lúdvíg Guðmundsson skólastjóri, varaformaður Sveinn Þjarval húsgagnaarkitekt, og meðstj. Björn Th. Björnsson listfræðingur, Ragnar Jónsson hæsta réttarlögm., Þorleifur Kristófersson húsgagnateiknari og Gunnar J. Friðriksson forstj. Endurskoðendur voru kosnir Sigurður Guðmundsson arkitekt og Ágúst Sigmondsson myndskeri.

Loks var á fundinum ákveðið, að stofna fimm manna sýninga- og gæðamatsnefnd.

Fargjaldalækkun vegna afstöðu Loftleiða?

Bandaríska tímaritið „Business Week“, sem er eitt stærsta og víðlesnasta vikublað amerískra kaupsýslumanna, birti nýlega langa grein um starfsemi Loftleiða.

Bendir tímaritið m.a. á hina eftirtektarverðu þróun félagsins og telur það hafa unnið brautryðjendastarf með hinum lágu fargjöldum milli meginlanda Evrópu og Norður-Ameríku.

Tímaritið telur að afleiðing stefnu Loftleiða í fargjaldamálunum hafi m.a. orðið sú, að umræður séu nú hafnar á fundi IATA — alþjóðasamsteypu stóru flugfélaganna — í Cannes, sem hófst nýlega, um það að lækka fargjöldin verulega með flugvélum annarra félaga.

Business Week staðhæfir að Loftleiðir séu þyrnir í augum stóru flugfélaganna, sem halda uppi áætlunarferðum á þessum leiðum, ekki sízt sökum þess hve mjög starfsemi félagsins hefur aukist að undanförunu.

Þess er getið að Loftleiðir hafi til að byrja með haft samstarf um sölu á farmiðum við mjög fáar ferðaskrifstofu, en nú hafi um 4 þúsund ferðaskrifstofur vestanhafs farmaða Loftleiða til sölu.

Greint er frá samkeppninni við SAS og þeim hindrunum, sem hið skandinavíska félag hefur reynt að leggja í götu Loftleiða.

Þrátt fyrir nokkrar missagnir er grein þessi rituð af velvild og skilningi og er auðsætt, að höfundur hennar telur Loftleiðir hafa markað athyglisverð tíma-mót í sögu farþegaflutninganna yfir Norður-Atlantshafið með hinum lágu fargjöldum.

Auglýsið í Mánudagsblaðinu

Lítið minnisblað . . .

Framhald af 1. síðu
von um að nokkur loforð forsprakkanna nái að komast í framkv. útilökuð. Til þess er óheilbrigðið of mikið, öfundin of stór, og græðgin og raunverulegur skoðanamunur of ríkur í eðli og athöfnum hinna einstöku forsprakka.

Þjóðvarnarmanna getum vér að engu.

Blaðaturninn

Laugavegi 30 B

SELUR
ÖLL
INNLEND
BLÖÐ

★

Dagblöðin:

Alþýðublaðið, Morgunblaðið,
Tíminn, Þjóðviljinn, Vísir

★

Vikublöðin:

Útsýn, Mánudagsblaðið, Frjáls
þjóð, Fálkinn, Vikan

★

Akureyrarblöðin:

Dagur, Alþýðumaðurinn, Ís-
lendingur, Verkamaðurinn

★

Ísafjarðarblöðin:

Baldur, Ísfróingur, Skutull,
Vesturland

★

Siglufjarðarblöðin:

Kosningablað Alþýðubanda-
lagsins, Mjólnir, Neisti,
Siglfróingur

★

Vestmannaeyjablöðin:

Eyjablaðið, Framsókn, Fram-
sóknarblaðið, Fylkir

★

Hafnarfjarðarblöðin:

Alþýðublað Hafnarfjarðar,
Hamar, Vegamót, blað
Alþýðubandalagsins

★

Faxi, Keflavík
Bæjarblaðið, Akranesi
Suðurland, Selfossi
Austurland, Norðfirði

★

BLAÐATURNINN

Laugavegi 30 B

(Beint á móti Marteini)

Við bjóðum alhliða

Verkfræðipjónustu

GÓÐA

FLJÓTA

ÖRUGGA

TRAUST H-F

Skólavörðustíg 38 — Reykjavík

Sími 82624

Kjörfundur

til að kjósa alþingismenn fyrir Reykjavík fyrir næsta kjörtímabil, átta aðalmenn og átta til vara, hefst sunnudaginn 24. júní 1956, kl. 10 árdegis.

Kosið verður í Miðbæjarskólanum, Austurbæjarskólanum, Laugarnesskólanum og Elliheimilinu, og mun borgarstjórinn í Reykjavík auglýsa skiptingu milli kjörstaða og kjördeilda.

Kosningu verður sennilega lokið um kl. 12 á miðnætti, og hefst talning atkvæða þegar að kosningu lokinni.

Yfirkjörstjórnin í Reykjavík, 19. júní 1956.

Kr. Kristjánsson Stj. Guðmundsson

Hörður Þórðarson

H.f. Eimskipafélag Íslands

ARÐUR TIL HLUTHAFA

Á aðalfundi H.f. Eimskipafélags Íslands h. 9. júní

1956, var samþykkt að greiða 4% — fjóra af hundr-
aði — í arð til hluthafa fyrir árið 1955.Arðmiðar verða innleystir á aðalskrifstofu félags-
ins í Reykjavík svo og hjá afgreiðslumönnum félags-

ins um land allt.

STJÓRNIN.